



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**545. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. október 2022  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Dagur B. Eggertsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Valdimar Víðisson varamaður hennar, boðuðu forföll.

**1. SRN Almenningsamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004**

Umræða um viðræður við ríkið vegna endurskoðunar samkomulags um almenningsamgöngur. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Ásthildur Helgadóttir og Birgir Björn Sigurjónsson kynna. Umræður.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson

Ásthildur Helgadóttir

**Niðurstaða:**

*Áfram verði unnið að samningum. Ákveðið að setja á laggirnar hóp aðila úr stjórn SSH til að vinna með samninganefndinni. Í hópnum verða formaður stjórnar SSH, borgarstjóri og bæjarstjóri Kópavogs.*

*Lagt fram til kynningar*

**2. Stofnun áfangastaðastofu - 2209012**

Framhald umræðu frá 543. fundi þar sem eftirfarandi var bókað í fundargerð um fyrirliggjandi rekstrargreiningu Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins:

"2208014 - Rekstrargreining Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins  
Fyrir liggur rekstrargreining KPMG á Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.  
Sævar Kristinsson verkefnastjóri hjá KPMG kynnir niðurstöður hennar.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað Björns H. Reynissonar verkefnastjóra um næstu skref málsins.

Umræður um forsögu málsins og áframhald þessa verkefnis.  
Stjórn samþykkir að fela verkefnastjóra Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

að senda sveitarfélögunum ofangreinda rekstrargreiningu og fylgja henni eftir með sérstakri kynningu."

Kynning samkvæmt framangreindu hefur nú farið fram fyrir fjórum sveitarfélögum, eitt telur ekki þörf á kynningu, og hjá einu sveitarfélaganna er kynning fyrirhuguð á næstunni. Þá liggur fyrir minnisblað Björns H. Reynissonar verkefnastjóra dags. 30. september 2022 þar sem m.a. koma fram tillögur um næstu skref málsins.

### **Gestir**

Björn H. Reynisson

### **Niðurstaða:**

*Stjórn samþykkir að leggja til við sveitarfélögin að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði stofnuð og taki til starfa frá og með næstu áramótum. Starfsemi verði byggð upp á árinu 2023 og verði komin í endanlega starfsemi í upphafi árs 2024 m.v. tillögur fyrirbyggjandi rekstrargreiningar KPMG. Lagðar eru fram á fundinum hugmyndir að framgangi og umfangi verkefnisins á árinu 2023 og áætluðum framlögum sveitarfélaganna á hinu fyrsta starfsári.*

*Verkefnastjóra í samráði við framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu og leggja fram innleiðingar- og kostnaðaráætlun á næsta reglulega fundi stjórnar SSH í nóvember. Í framhaldi af því fari málið til endanlegrar umræðu og efnislegrar meðferðar hjá sveitarfélögunum.*

*Er skrifstofu SSH nú falið að senda bókun stjórnar til kynningar hjá sveitarfélögunum ásamt því að fjármálastjórum sveitarfélaganna verði jafnframt kynnt áætlað fjárhagslegt umfang verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna 2023.*

### **3. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010**

Framhald umræðu frá 544. fundi. Fyrirliggjandi eru endanleg drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2023. Framkvæmdastjóri kynnir.

### **Niðurstaða:**

*Stjórn samþykkir að fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2023 verði send fjármálastjórum sveitarfélaganna vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna 2023. Endanleg tillaga að fjárhagsáætlun verður lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 18. nóvember nk.*

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs fór af fundi.

### **4. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins - 2109010**

Framhald umræðu frá 531. og 537. fundum.

Samþykktar hafa verið breytingar á barnaverndarlögum sem leiða til breytinga á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Samkvæmt lögum verða barnaverndarnefndir lagðar niður og í stað þeirra starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaga, annars vegar barnaverndarþjónusta og hins vegar umdæmisráð barnaverndar. Þessum breytingum var ætlað að taka gildi hinn 28. maí 2022 en síðar var gildistöku frestað til 1. janúar 2023.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er nú erindi samráðshóps á sviði velferðarmála, dags. 29. september 2022, þar sem fram kemur að sviðsstjórar velferðarsviða aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur, auk nágrannasveitarfélaga, hafi lýst yfir vilja til samstarfs um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs.

Er í erindinu farið fram á að samráðshópnum, þ.e. sviðsstjórum velferðarmála verið falið umboð til að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög slíkra samninga liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.

Fyrirliggjandi er sniðmát slíks samstarfssamnings sem unnið hefur verið af Barna- og fjölskyldustofu. Jafnframt er fyrirliggjandi minnisblað deildarstjóra í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu, dags. 11. febrúar 2022, þar sem nánar er fjallað um tillögur að fyrirkomulagi en ætla má að forsendur breytist með aðkomu fleiri sveitarfélaga.

Þá er fyrirliggjandi minnisblaðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2022, sem lagt var fyrir 537. fund stjórnar, en í því er að finna nánari umfjöllun um umdæmisráð barnaverndar og mögulegt samstarf sveitarfélaga á þeim vettvangi.

### Niðurstaða:

*Samráðshópnum er falið að vinna málið áfram, og gera drög að samningi milli ofangreindra sveitarfélaga auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög að framangreindu liggja fyrir verði þau að nýju lögð fyrir stjórn SSH.*

## 5. Umsagnir þingmála - 1910005

SSH hafa fengið frumvarp til fjárlaga 2023 til umsagnar en umsagnarfrestur er til og með 7. október nk. Umræður.

### Niðurstaða:

*Framkvæmdastjóra er falið að gera umsögn f.h. SSH, í samráði við stjórn á milli funda.*

## 6. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Framhald umræðu frá 543. fundi en þá var samþykkt að gengið yrði til samninga við bjóðanda í útboði nr. 15573 til samræmis við minnisblað Einars K. Stefánssonar dags. 1. september 2022. Á grundvelli þess liggja nú fyrir endanleg samningsdrög og er farið fram á heimild til handa framkvæmdastjóra til undirritunar samningsins.

### Niðurstaða:

*Fyrirliggjandi samningsdrög eru samþykkt og framkvæmdastjóra falið umboð til undirritunar þeirra.*

## 7. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er fundargerð Samstarfsnefndar Skíðasvæða



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

höfuðborgarsvæðisins, dags. 30. september 2022. Einnig liggur fyrir fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2023, sem var samþykkt á fundi samstarfsnefndar skíðasvæðanna hinn 30. september 2022. Er framangreint lagt fram til staðfestingar eigendavettvangs skíðasvæðanna. Framkvæmdastjóri kynnir.

### Niðurstaða:

*Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir rekstrar- og framkvæmdaáætlanir skíðasvæðanna og skulu þær nú sendar til aðildarsveitarfélaganna til endanlegrar umræðu og afgreiðslu.*

## 8. Stafrænt ráð sveitarfélaga -tilnefningar - 2012003

Samkvæmt tölvupósti Fjólu Maríu Ágústsdóttur dags. 26. september 2022 er óskað eftir tilnefningu frá SSH í stafrænt ráð sveitarfélaga. Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Fyrirliggjandi er erindisbréf ráðsins, dags. 8. október 2020.

### Niðurstaða:

*Stjórn samþykkir að tilnefna Aldísi Stefánsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, sem fulltrúa SSH í stafrænt ráð sveitarfélaga.*

## 9. Velferðarnefnd - samstarfssamningur - 2202005

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að nýjum samstarfssamningi aðildarsveitarfélaganna um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu, en ætlunin er að sá samningur komi í stað eldri samnings sem féll úr gildi 2014. Hafa drögin verið unnin í samráði við samráðshóp á sviði velferðarmála en ekki eru í raun lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi samstarfs sveitarfélaganna. Er þá ekki gert ráð fyrir að nýr samningur feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Markmiðið með nýjum samningi er annars vegar að mæta athugasemdum innviðaráðuneytisins um samninga milli sveitarfélaga og hins vegar að endurvefja þann samning sem í raun hefur verið starfað eftir frá árinu 2010.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings SSH, dags. 27. september 2022, um forsögu og ferli málsins.

### Niðurstaða:

*Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna um samráð og samstarf á sviði velferðarþjónustu. Framangreind samningsdrög verði send til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.*

## 10. Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæði - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103006

### Niðurstaða:

*Frestað*

## 11. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - 1505001



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fjárhagsáætlun vegna verkefna Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2023 lögð fram.

Þá er fyrirbyggjandi fundargerð Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 28. september 2022.

**Niðurstaða:**

*Stjórn SSH samþykkir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlanir samráðshópsins og skulu þær nú sendar til aðildarsveitarfélaganna til endanlegrar umræðu og afgreiðslu.*

**12. Svæðisskipulag fjárhagsáætlun 2023 - 1510002**

Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar vegna ársins 2023 sem var samþykkt á 109. fundi nefndarinnar 15. september 2022. Hefur hún þegar verið send aðildarsveitarfélögunum og fjármálastjórum þeirra.

**Niðurstaða:**

*Stjórn staðfestir að áætlunin verði send sveitarfélögunum sbr. ofangreint.*

**13. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 83. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 12. september 2022.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**14. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Samráðshóps á sviði velferðarmála, dags. 14. september 2022.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**15. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar, dags. 15. júní 2022.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**16. Önnur mál - 2110011**

1. Mótun dagskrár samtalsfundar með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins en eftirfarandi mál verði á dagskrá fundarins:

a. Málefni er tengjast Samgöngusáttmálanum.

b. Fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**